

78
14. okt.

AUGLÝSING

um fullgildingu á stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar.

Hinn 31. maí 1957 samþykkti Alþingi þingsályktun um að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda stofnskrá Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, sem samþykkt var hinn 26. október 1956 á alþjóðafundi í bæki-stöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York.

Fullgildingarskjal Íslands var afhent ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku hinn 6. ágúst 1957.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 14. október 1957.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

79
14. okt.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 14. október 1957.

Hermann Jónasson.

Birgir Thorlacius.

80
7. nóv.

L Ö G

um skattfrelsi vinninga í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 1957.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Vinningar í símahappdrætti því, sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur efnt til á árinu 1957, skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, nema eignarskatti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. nóvember 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.